

Nr. 424

20. mars 2024

AUGLÝSING

um staðfestingu stofnsamnings fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Mennta- og barnamálaráðuneytið, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og innviðaráðuneytið hafa staðfest meðfylgjandi stofnsamning fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs., en stofnendur samlagsins eru Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur.

Byggðasamlagið er stofnað samkvæmt 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og fer með skipulag og framkvæmd skólapjónustu fyrir leik- og grunnskóla og velferðarþjónustu sveitarfélaganna samkvæmt IX. kafla laga um grunnskóla nr. 91/2008, VIII. kafla laga um leískóla nr. 90/2008, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnaverndarlaga nr. 80/2002 og laga um samþættingu þjónustu í þágu farseldar barna nr. 86/2021.

Samningurinn, viðauki um fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga og viðauki um fullnaðarafgreiðslu mála til deildarstjóra velferðarsviðs á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um húsnaðismál, eru birtir sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 20. mars 2024.

F. h. r.
Anna Tryggvadóttir.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 20. mars 2024.

F. h. r.
Jóna Guðný Eyjólfssdóttir.

Innviðaráðuneytinu, 20. mars 2024.

F. h. r.
Aðalsteinn Þorsteinsson.

Fylgiskjal.**STOFNSAMNINGUR
fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.****I. KAFLI****Almenn ákvæði.**

1. gr.

Nafn o.fl.

Samlagið er byggðasamlag og heitir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. og varnarþing byggðasamlagsins er í Bláskógabyggð.

2. gr.

Aðildarsveitarfélög.

Sveitarfélögin Hrunamannahreppur, kt. 640169-2309, Bláskógabyggð, kt. 510602-4120, Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 590698-2109, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602- 4410 og Flóahreppur, kt. 600606-1310, reka byggðasamlag um sameiginlega skóla- og velferðarþjónustu.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 2. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019, sbr. lög um grunnskóla nr. 91/2008. Sveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti.

Önnur sveitarfélög geta orðið aðilir að byggðasamlaginu með samþykki allra aðildarsveitarfélaganna og með undirritun viðauka við samning þennan.

3. gr.

Markmið samstarfsins.

Markmið samstarfsins er að efla samstarf milli sveitarfélöganna á svæðinu á svíði skóla- og velferðarþjónustu, nýta tækifæri til að samþætta skólapjónustu fyrir skóla- og velferðarþjónustuna með það að markmiði að minnka faglega einangrun starfsmanna. Með þessu verði skapað teymi starfsfólks sem samstíga vinnur að því að efla og bæta þjónustu við íbúa, nemendur, starfsfólk skóla- og velferðarþjónustu í anda laga um samþættingu þjónustu í þágu farseldar barna, nr. 86/2021.

4. gr.

Málaflokkar.

Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu skipulag og framkvæmd skólapjónustu fyrir leik- og grunnskóla og velferðarþjónustu sveitarfélöganna samkvæmt IX. kafla laga um grunnskóla nr. 91/2008, VIII. kafla laga um leikskóla nr. 90/2008, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnaverndarlögum nr. 80/2002, lögum um samþættingu þjónustu í þágu farseldar barna nr. 86/2021, reglugerðum settum á grundvelli ofangreindra laga og samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa.

Byggðasamlagið myndar umdæmi barnaverndarþjónustu skv. 2. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Sveitarfélögin hafa í samþykktum um stjórn og fundarsköp viðkomandi sveitarfélags framselt vald til byggðasamlagsins og starfsfólks þess.

Nánar er fjallað um framsal og endurupptöku mála samkvæmt þessari grein í viðauka 1 við samning þennan.

Byggðasamlagið myndar umdæmi svæðisbundins farseldarráðs skv. 5. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farseldar barna nr. 86/2021. Þar eiga sæti fulltrúar svæðisbundinna þjónustuveitenda ríkisins og sveitarfélöganna og hefur ráðið samráð við fulltrúua notenda á svæðinu. Stjórn byggðasamlagsins skipar fulltrúa í ráðið.

5. gr.

Verkefni.

Hlutverk byggðasamlagsins er að útfæra þjónustuna en umgjörð hennar og framkvæmd verkefna er nánar lýst í eftirfarandi skjölum sem sett eru á grundvelli viðkomandi laga, reglugerða, samnings þessa og viðauka við hann:

- Erindisbréf stjórnar byggðasamlagsins.
- Erindisbréf fagnefndar skóla- og velferðarþjónustu.
- Starfslysingar deildarstjóra þjónustunnar.

Aðalfundur eða aukafundur byggðasamlagsins staðfestir erindisbréf stjórnar sem sent er sveitarstjónum til kynningar en stjórn byggðasamlagsins samþykkir erindisbréf fagnefndar skóla- og velferðarþjónustu og starfslysingar deildarstjóra.

Meðal verkefna skóla- og velferðarþjónustunnar eru m.a.:

- að veita, fyrir hönd aðildarsveitarfélöganna, þjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, s.s. félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, stuðningsþjónustu, málefni barna og ungmenna, þjónustu við unglings, þjónustu við fatlað fólk, húsnæðismál, vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fiknivanda,
- að veita barnaverndarþjónustu skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002,
- að vera í samstarfi og samráði við Bergrisann bs. til að tryggja samfellu í þjónustu byggðasamlagsins á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga annars vegar og hins vegar á þjónustu Bergrisans bs. sem veitir þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018,
- að tilnefna tengiliði og málstjóra sveitarfélaganna og byggðasamlagsins í samræmi við ákvæði reglugerðar um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna nr. 1180/2022,
- að veita skólabjónustu og ráðgjöf skv. reglugerð um skólabjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 444/2019, sem á stoð í 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 21.-23. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008,
- að veita náms- og starfsráðgjöf skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008,
- að starfa í umboði stjórnar þar sem teknar eru ákværðanir um þá aðstoð sem sótt er um/eða lögð til af starfsfólk skóla- og velferðarþjónustunnar,
- önnur verkefni samkvæmt ákvörðun stjórnar byggðasamlagsins.

II. KAFLI

Aðalfundur.

6. gr.

Aðalfundur.

Aðalfundur byggðasamlagsins skal haldinn fyrir 15. október ár hvert. Aukafundi skal boða ef þörf krefur að mati stjórnar eða ef a.m.k. tvö aðildarsveitarfélög óska þess. Aukafund skal boða með a.m.k. viku fyrirvara og er þá útbúin sérstök dagskrá sem skal send út með fundarboði. Á kosningaári sveitarstjórnar skal halda aukaaðalfund eigi síðar en 10. júlí þar sem kosin er ný stjórn. Framkvæmdastjóri fjölmennasta aðildarsveitarfélagsins skal boða til þess fundar í samráði við deildarstjóra velferðarþjónustu.

Aðalfundi skal boða með rafrænum hætti með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal fundarefnii tilgreint.

Sömu reglur gilda um aukafundi og reglulega aðalfundi fyrir utan að boða skal til aukafundar með a.m.k. viku fyrirvara.

Aðalfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur, hafi löglega verið til hans boðað og aukinn meirihluti fulltrúa aðildarsveitarfélöganna er mættur.

Á aðalfundi byggðasamlagsins skulu eiga sæti einn fulltrúi frá hverju aðildarsveitarfélagi, sem kemur úr hópi aðal- eða varamanna í stjórn byggðasamlagsins.

Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi þarf samþykki allra atkvæðisbærra fulltrúa á fundinum.

Aðalfundir byggðasamlagsins skulu opnir til áheyrnar kjörnum fulltrúum í sveitarstjónum og lykilstarfsfólk sveitarfélöganna og byggðasamlagsins og hafa þeir málfrelni og tillögurétt.

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að bjóða til aðalfundar aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi byggðasamlagsins.

7. gr.
Dagskrá aðalfundar.

Stjórn byggðasamlagsins semur dagskrá aðalfundar og skal hún send út með fundarboði ásamt ársreikningi svo og tillögum að breytingum á samningi þessum. Aðalfundur er löglegur sé hann lög- lega boðaður og lágmarksfjöldi fulltrúa er mættur til fundar skv. 6. gr. samnings þessa. Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirtalin mál:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs.
- Fjárhagsáætlun næsta árs.
- Umfjöllun um breytingar á stofnsamningi byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.
- Ráðning löggið endurskoðanda.
- Önnur mál.

Tillögur um breytingar á samningi þessum skulu sendar formanni stjórnar í síðasta lagi sjö sólar- hringum fyrir upphaf aðalfundar. Tillöguflytjandi skal jafnframt kynna öllum aðildarsveitarfélögum tillöguna með sama fyrirvara.

Breytingar á samningi þessum þarfust samþykkis allra atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi. Í framhaldinu fer stofnsamningurinn til samþykktar hjá sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga og skal samningurinn fá tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili.

III. KAFLI
Stjórn, fagnefnd og stárfsfólk.

8. gr.
Stjórn byggðasamlagsins.

Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara þar sem einn fulltrúi kemur frá hverju sveitarfélagi. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnna. Hver sveitarstjórn skal tilnefna fulltrúa í upphafi kjörtímabils og annan til vara. Kjörgengir til setu í stjórn byggðasamlagsins eru oddvitar, framkvæmdastjórar í aðildarsveitarfélögum og staðgenglar þeirra. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum.

9. gr.
Starfshættir stjórnar.

Stjórnarfundur byggðasamlagsins er lögmaetur þegar meirihluti stjórnarmanna er mættur til fundar. Formaður stjórnar sér um boðun funda og stýrir þeim. Fundarboð skulu vera rafræn og berast aðal- og varamönum að jafnaði tveimur dögum fyrir fund.

Stjórn getur enga samninga undirritað, samþykkt eða ályktun gert nema fundur sé löglega boðaður og fundarmenn nái sameiginlegri niðurstöðu.

Stjórn veitir prókúruumboð fyrir byggðasamlagið.

Stjórn byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins án þess að fyrir liggi viðauki samkvæmt 13. gr.

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að gera samning við aðra aðila en aðildarsveitarfélögin um framkvæmd einstakra þátta þjónustunnar, m.a. við einkaaðila enda samræmist þeir samningar lögum um þjónustuna, sveitarstjórnarlögum og rúmist innan fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins.

Stjórn hefur umboð til að ákvarða um almenna starfsemi byggðasamlagsins og aðlögun hennar að breyttum aðstæðum, t.d. við lagabreytingar, enda rúmist þær innan ramma fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Fundargerðir stjórnar byggðasamlagsins skulu sendar aðildarsveitarfélögum til kynningar innan 7 daga frá fundi. Að öðru leyti gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga um störf stjórnar byggðasamlagsins eftir því sem við getur átt.

Varðandi nánari útfærslu á starfsháttum stjórnar er vísað til erindisbréfs stjórnar sem samþykkt er á aðalfundi eða aukafundi byggðasamlagsins, sbr. 5. gr.

10. gr.

Fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu.

Ein fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu skal vera á starfssvæði byggðasamlagsins. Nefndina skipa fimm fulltrúar og jafnmargir til vara, einn aðalmaður og einn varamaður frá hverju aðildarsveitarfélagi. Stjórn byggðasamlagsins skipar aðal- og varamenn í fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu í kjölfar sveitarstjórnarkosninga að fengnum tilnefningum sveitarfélaganna og skipar síðan formann og varaformann nefndarinnar. Að öðru leyti skiptir nefndin sjálf með sér verkum.

Nefndin fer með stjórn og framkvæmd skólabjónustu fyrir leik- og grunnskóla og velferðarmál í sveitarfélögum í samræmi við reglur sem sveitarstjórnir setja og erindisbréf nefndarinnar.

Nefndin fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Nefndin fer auk þess með lögbundið hlutverk félagsmálanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Nefndin skal, í upphafi hvers kjörtímabils, móta stefnu og framkvæmdaáætlun fyrir aðildarsveitarfélögin á svíði barnaverndar skv. 1. mgr. 9. gr. barnaverndarlaga. Framkvæmdaáætlunin skal send sveitarstjórnnum til staðfestingar og í framhaldinu send því ráðuneyti sem fer með yfirstjórn málafloksins, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og Barna- og fjölskyldustofu.

Bóknun vegna fundarsetu í nefndinni skal ákveðin af stjórn byggðasamlagsins.

Varðandi nánari útfærslu á starfsháttum nefndarinnar er vísað til erindisbréfs hennar er stjórn samþykkir, sbr. 5. gr.

Engin breyting verður á hlutverki starfandi skólanefnda sveitarfélaganna við gerð samnings þessa.

11. gr.

Reglur sem fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu setur um málefni byggðasamlagsins.

Fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu samþykkir tillögur að reglum um framkvæmd skólabjónustu, fjárhagsaðstoðar, barnaverndar, félagslegrar heimabjónustu, málefni fatlaðs fólks, ferðabjónustu, liðveislu og annarra þátta í starfseminni. Reglurnar skulu samræmdar eftir föngum og sendar sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.

12. gr.

Stjórnendur og annað starfsfólk.

Stjórn ræður og veitir lausn frá störfum deildarstjóra skólabjónustu og deildarstjóra velferðarþjónustu. Deildarstjórar skulu vera sérfræðingar í framkvæmd þjónustunnar. Deildarstjórar ráða annað starfsfólk sem undir verksvið þeirra heyra og veita lausn frá störfum í samræmi við fjárhagsáætlun. Deildarstjórar tilkynna stjórn áður en ákvörðun um ráðningu eða uppsögn starfsfólks er tekin.

Varðandi nánari útfærslu á störfum deildarstjóra er vísað til starfslýsinga er stjórn samþykkir, sbr. 5. gr.

IV. KAFLI

Fjármál.

13. gr.

Fjárhagsáætlun.

Deildarstjórar leggja fyrir stjórn drög að fjárhagsáætlun. Stjórn afgreiðir fjárhagsáætlun fyrir byggðasamlagið og leggur fyrir aðalfund til staðfestingar, í síðasta lagi 15. október ár hvert. Í framhaldinu ber stjórn að senda fjárhagsáætlun til aðildarsveitarfélaga til staðfestingar í hverri sveitarstjórn. Stjórn fylgist með að rekstur byggðasamlagsins sé í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema öll sveitarfélög hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina í samræmi við VII. kafla sveitarstjórnarlaga.

14. gr.

Árshlutaskýrslur.

Fyrir 15. ágúst ár hvert skulu deildarstjórar taka saman gögn um þróun rekstrar og þjónustu og leggja fyrir stjórn til kynningar. Árshlutaskýrslan skal í framhaldinu send aðildarsveitarfélögum til upplýsinga.

15. gr.

Ársreikningur.

Stjórn staðfestir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Reikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn þess ræður til starfsins, sbr. 7. gr. samnings þessa. Vinna skal ársreikninga í samræmi við ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur skv. 59. gr. laga nr. 138/2011.

Senda skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda, til allra aðildarsveitarfélaganna fyrir 1. apríl ár hvert.

16. gr.

Fjárhagslegt uppgjör.

Stjórn byggðasamlagsins skal semja við aðildarsveitarfélag eða utanaðkomandi þjónustuaðila um bókhald, launagreiðslur og fjárhagsleg málefni. Sveitarfélögini greiða áætlaðar mánaðarlegar greiðslur til umsjónarsveitarfélags til að mæta þeim kostnaði. Kostnaður hvers sveitarfélags vegna almanaksársins verður gerður upp fyrir lok febrúar ár hvert.

Byggðasamlaginu er heimilt að kaupa þjónustu af aðildarsveitarfélögum og senda þá aðildarsveitarfélög reikning á byggðasamlagið.

17. gr.

Kostnaðarskipting.

Öllum kostnaði vegna sameiginlegra starfsmanna skóla- og velferðarþjónustu og yfirstjórnar skal jafnað niður á sveitarfélögini á eftirfarandi hátt:

Kostnaður vegna velferðarþjónustu:

Kostnaður vegna reksturs velferðarþjónustunnar, þ.e. launakostnaður starfsmanna, verktaka-kostnaður og almennur rekstrarkostnaður greiðist af aðildarsveitarfélögum í hlutfalli við íbúatölu 1. janúar næstliðins árs.

Kostnaðar vegna útagdós kostnaðar og annarra úrræða til skjólstæðinga félagsþjónustunnar greiðist af lögheimilissveitarfélagi. Skal byggðasamlagið senda aðildarsveitarfélögum tímanlega fyrir mánaðamót yfirlit yfir greiðslur er viðkomandi sveitarfélagi ber að greiða um mánaðamótin.

Kostnaður vegna sértækra félagsþjónustu- og barnaverndarmála greiðist af lögheimilissveitarfélagi þess skjólstæðings sem um ræðir. Stjórn í samráði við deildarstjóra velferðarþjónustu skal útbúa samantekt um helstu úrræði er falla undir sértæka félagsþjónustu og barnaverndarmál. Sé fyrirsjáanlegt að slík mál leiði af sér umtalsverð fjárlátlát ber deildarstjóra að halda sveitarstjóra viðkomandi sveitarfélags upplýstum. Skal byggðasamlagið senda aðildarsveitarfélagi tímanlega fyrir mánaðamót yfirlit yfir greiðslur og reikninga er viðkomandi sveitarfélagi ber að greiða um mánaðamótin.

Kostnaður vegna skólaþjónustu:

Kostnaður vegna reksturs skólaþjónustu, þ.e. launakostnaður starfsmanna, verktakakostnaður og almennur rekstrarkostnaður greiðist í hlutfalli við nemendafjölda í skólum viðkomandi aðildarsveitarfélags miðað við 1. janúar næstliðins árs.

Kostnaður vegna sértækra úrræða í skólaþjónustu sem eru á ábyrgð sveitarfélags, skv. samkomulagi milli velferðarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. í maí 2014, s.s. við talþjálfun barna, greiðist af lögheimilissveitarfélagi viðkomandi barns. Skal byggðasamlagið senda aðildarsveitarfélögum tímanlega fyrir mánaðamót yfirlit yfir greiðslur er viðkomandi sveitarfélagi ber að greiða um mánaðamótin.

V. KAFLI

Úrganga og slit.

18. gr.

Úrganga og slit.

Um úrgöngu úr byggðasamlaginu og um slit þess gilda reglur 95. gr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ef ágreiningur ris um úrgöngu sveitarfélags úr byggðasamlaginu er hægt að vísa málínu til ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

Samningur þessi öðlast gildi við staðfestingu ráðuneyta mennta-, barna-, félags- og sveitarstjórnarmála og allra aðildarsveitarfélaganna og fellur þá úr gildi samstarfssamningur um skóla- og velferðarþjónustu frá 25. júní 2015.

Samningur þessi er gerður í fimm samhljóða eintökum, eitt fyrir hvern samningsaðila.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þegar ársreikningur ársins 2023 liggur fyrir skal stjórn endurskoða 17. gr. um kostnaðarskiptingu með áherslu á að skoða kostnað vegna málefna fatlaðs fólks og hvort taka þurfi betur tillit til þess kostnaðar við kostnaðarskiptingu milli aðildarsveitarfélaga. Leiði sú endurskoðun til þess að gera þarf breytingar á 17. gr. skal tillaga lögð fyrir aðalfund ársins 2024.

VIÐAUKI 1 Um fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

1. gr.

Fullnaðarafgreiðsla mála barnaverndarþjónustu byggðasamlagsins.

Deildarstjóri velferðarþjónustu fer með vald til fullnaðarafgreiðslu mála skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002 og ber ábyrgð á öllum verkefnum og ákvörðunum sem byggja á barnaverndarlögum sem ekki hafa verið falin öðrum þ.m.t. umdæmisráði, dómstólum eða öðrum stjórnvöldum, sbr. 2. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Deildarstjóri velferðarþjónustu tilnefnir staðgengil sinn sem hefur þá sömu heimildir í fjarveru hans eða vegna vanhæfis.

Deildarstjóri velferðarþjónustu hefur endanlegt ákvörðunarvald í eftirfarandi verkefnum er falla undir barnaverndarlög nr. 80/2002, án staðfestingar sveitarstjórnar og bera ábyrgð á barnavernd, verkefnum og ákvörðunum samkvæmt lögunum sem eru ekki sérstaklega falin öðrum, sbr. 10. gr.:

- a) ákvörðun um hvort hefja eigi könnun máls, sbr. 21. gr.,
- b) gerð og framkvæmd áætlunar um meðferð máls, sbr. 23. gr.,
- c) tekur ákvörðun um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 23. gr.,
- d) veitir aðstoð, sbr. a-e-lið 1. mgr. 24. gr.,
- e) tekur við forsjá eða umsjá barns og ráðstafar í fóstur, sbr. a-lið 1. mgr. 25. gr.,
- f) tekur við forsjá eða umsjá barns og vistar barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitar annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings, sbr. b-lið 1. mgr. 25. gr.,
- g) fer fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra, sbr. a-e-lið 1. mgr. 26. gr.,
- h) fer fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem hefur náð 15 ára aldrí, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr.,
- i) gerir kröfu fyrir héraðsdómi að fengnum úrskurði umdæmisráðs, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 29. gr.,
- j) úrræði vegna ófæddra barna, sbr. 1. mgr. 30. gr.,
- k) gerir kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings, sbr. 2. mgr. 30. gr.,
- l) neyðarráðstafanir, sbr. 31. gr.,
- m) skipar lögráðamann eða tekur yfir forsjá barns, sbr. 32. gr.,
- n) áætlun um trygga umsjá barns sem barnaverndarþjónusta hefur tekið við umsjá eða forsjá með, sbr. 33. gr.,
- o) sendir inn beiðni til löggreglu um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbanni, sbr. 37. gr.,
- p) tekur afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann skv. 3. mgr. 46. gr.,
- q) tekur nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi skv. X. og XI. kafla,
- r) ráðstöfun barns í fóstur, sbr. 65. gr.,
- s) fer með alla vinnslu máls eftir að ákvörðun um vistun eða fóstur liggur fyrir,
- t) gerð fóstursamnings, endurskoðun og slit fóstursamnings, sbr. XIII. kafla,
- u) ákvörðun um fjárhæð fósturlauna og framfærslueyris, sbr. 75. gr.,

- v) gerir tillögur um umgengni barns í fóstri eða vistun við kynforeldra og aðra nákomna, sbr. 81. gr.,
- w) hefur tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila eða sambýla til að veita börnum móttöku að uppfylltum skilyrðum, sbr. a- og b-lið 84. gr.,
- x) hefur tiltækar stuðningsfjölskyldur, sbr. 85. gr.,
- y) sumardvöl á vegum barnaverndarþjónustna, sbr. 86. gr.,
- z) tilnefning málstjóra, sbr. 19. gr., sbr. lög um sampættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Auk þess veitir deildarstjóri velferðarþjónustu umsagnir vegna ættleiðingar skv. 16. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999.

2. gr.

Sjálfstæði barnaverndarþjónustu byggðasamlagsins gagnvart stjórn byggðasamlagsins, sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga, fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu og nefndum aðildarsveitarfélaga.

Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga er sveitarstjórn, stjórn byggðasamlagsins, fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu sem og öðrum nefndum aðildarsveitarfélaganna, ekki heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála. Því eiga 2. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við um barnaverndarþjónustu og er sveitarstjórn, stjórn byggðasamlagsins, fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu og öðrum nefndum aðildarsveitarfélaganna ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu né taka ákvörðun í barnaverndarmálum.

3. gr.

Endurupptaka mála.

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu barnaverndarþjónustu byggðasamlagsins samkvæmt viðauka þessum, skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá deildarstjóra velferðarþjónustu með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Er deildarstjóra skólaþjónustu heimilt að leita aðstoðar hjá lögfræðingi við mat á því hvort skilyrði endurupptöku séu til staðar. Séu skilyrði endurupptöku fyrir hendi skal barnaverndarþjónusta byggðasamlagsins taka málið upp að nýju.

4. gr.

Úrskurðarnefnd velferðarmála.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málínu til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. lög um úrskurðarnefnd velferðarmála nr. 85/2015, og um kærufrest, ef um kæranlega ákvörðun er að ræða.

VIÐAUKI 2

Um fullnaðaraafgreiðslu mála til deildarstjóra velferðarsviðs á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um húsnæðismál.

1. gr.

Almenn skilyrði valdframsals.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð hafa aðildarsveitarfélög framselt deildarstjóra velferðarsviðs fullnaðaraafgreiðsluvald í tilteknum málum. Í þessum viðauka er valdframsalið nánar útfært.

Ákvárdanir sem deildarstjóri velferðarþjónustu tekur á grundvelli þessarar greinar mega ekki varða verulega fjárhag byggðasamlagsins.

Fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu getur ávallt óskað eftir því að stjórn byggðasamlagsins taki ákvörðun í máli samkvæmt þessari grein.

Deildarstjóri velferðarþjónustu getur ávallt óskað eftir því að fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu taki ákvörðun í máli samkvæmt þessari grein, að undanskildum ákvörðunum barnaverndarþjónustu.

2. gr.

Fullnaðarafgreiðsla mála deildarstjóra velferðarsviðs.

Deildarstjóri velferðarsviðs afgreiðir eftirtalin verkefni er falla undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lög um húsnæðismál nr. 44/1998, án staðfestingar aðildarsveitarfélaga, stjórnar byggðasamlagsins eða fagnefndar skóla- og velferðarþjónustu:

- a. Umsóknir um fjárhagsaðstoð samkvæmt IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum um fjárhagsaðstoð.
- b. Umsóknir um leiguþúsnaði skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998.
- c. Umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning skv. 2. mgr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum um sérstakan húsnæðisstuðning.
- d. Umsóknir um félagslega heimaþjónustu skv. reglum um heimaþjónustu sem settar eru á grundvelli VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- e. Umsóknir um búsetu fyrir fatlað fólk sem afgreiddar eru á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna settra á grundvelli þeirra.
- f. Aðrar reglur er sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga setja þar sem fram kemur að deildarstjóra velferðarsviðs er falin afgreiðsla umsókna á grundvelli þeirra reglna.

3. gr.

Endurupptaka mála.

Eftir að deildarstjóri velferðarþjónustu hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfum endurupptóku máls til fagnefndar skóla- og velferðarþjónustu. Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í viðauka þessum og að öðru leyti gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

4. gr.

Úrskurðarnefnd velferðarmála.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. lög um úrskurðarnefnd velferðarmála nr. 85/2015, og um kærufrest, ef um kæranlega ákvörðun er að ræða.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Rúnar Magnússon <runarm78@gmail.com>
Sent: sunnudagur, 7. apríl 2024 21:06
To: Hulda Kristjánsdóttir
Subject: Þjóðvegur 311
Attachments: suluholz.jpg

Sæl Hulda,

Ég sendi þér afrit að undirskriftalista sem ég fór með í vegagerðina fyrir helgi. Þó að fram hafi komið að vegurinn sé á áætlun 2027 er að öllu leyti ógerlegt að bíða þangað til og er ekki valmöguleiki. Rykið sem leggst yfir bæina er með öllu óásættanlegt.

Það er með öllu óásættanlegt að geta ekki notið þess að búa í okkar fallegu sveit. Ég vona að nú fari hjólin að snúast.

Kv,
Rúnar

Áskorun til vegagerðarinnar Suðursvæði

Víð undirrituð sem búum í húsumum við þjóðveg 311, sem eru Súluholt 1-3 og Skýggignisholt (þar er ferðapjónusta að byggjast upp) viljum að það sé sett bundið siliðag sem fyrst.

þjóðvegur 311 er malarvegur, þar er mikil umferð allt árið og fer slyxandi. Þessi vegur er einnig notaður sem hjaðið fyrir þjóðveg 1 og myndast því oft mikil óslag á henni.

þegar verst lætur leggst ryk yfir allt, svo ekki sést milli húsa og ekki er hægt að vinna í gjördum eða opna glugga. Dæmi er um að ibúar hafi fljóð að heiman þegar verst

bessi mengun fer illa með heilsu manna og dýra og skemmir gróður. Þetta höfum við þurft að búta við ár eftir ár þó viðast hvar sé búið að selja bundið siliag fram hjá lætur og tekið sér rykti.

hlíbylum manna.
Bað er ekki boldlegt að vaða yfir fólk með þessum hætti, við krefjumst þess að fá
þurundar síðan í vor.

DATA BASE DESIGN | VIGI

Med vanlig gjeld vil han også ha en økning i pris.

Rina Mazzoni
Maria World Windbird

卷之三

Signum Augustandöter
Ludwigsburg

Concordia Sigillata

Gedienstgeldes
Gewerbeaufsichtsamt

Signum Thretha. Amvrosiottir.

John Dabson
Victor John Victor Soss

Siegmar und seine Söhne

Hulda Kristjánsdóttir

From: Erna Erlingsdóttir <erna.erlingsdottir@obyggdanefnd.is>
Sent: fimmtudagur, 11. apríl 2024 11:54
To: Óbyggðanefnd
Subject: Þjóðlendumál: eyjar og sker, málsméðferð
Attachments: Svæði 12 - svar ÓBN við bréfi FJR um endurskoðun kröfugerðar ríkisins 10.04.24.pdf

Tilkynning frá óbyggðanefnd um málsméðferð vegna eyja og skerja

Tilkynning þessi er send sveitarfélögum sem liggja að sjó og Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Óbyggðanefnd hefur framlengt kröfulýsingarfrest landeigenda á svæði 12 (eyjar og sker) til 2. september 2024. Framlengingunni er ætlað að gefa fjármála- og efnahagsráðherra færi á að ljúka endurskoðun sem ráðherra hefur boðað á kröfugerð ríkisins, sem og kortagerð vegna hennar, og tryggja að landeigendur hafi síðan nægan tíma að því loknu til að bregðast við endurskoðuðum kröfum ríkisins og eftir atvikum lýsa gagnkröfum.

Verði endurskoðun á kröfum ríkisins ekki lokið innan hæfilegs tíma fyrir 2. september kemur til greina af hálfu nefndarinnar að framlengja frestinn frekar til að tryggja að landeigendum gefist nægur tími til viðbragða. Nefndin hefur hins vegar lagt ríka áherslu á það við fjármála- og efnahagsráðherra að boðaðri endurskoðun ráðherra á kröfunum verði hraðað eins og kostur er svo að afstaða ríkisins liggi fyrir sem allra fyrst, enda hafa fjölmargir landeigendur þegar hafið vinnu við að bregðast við upphaflegri kröfugerð ríkisins.

Nánari upplýsingar um málsméðferðina eru á vefsíðu óbyggðanefndar.

— — —

Forsaga málsins

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra um þjóðlendur á svæði 12 (eyjar og sker) bárust óbyggðanefnd 2. febrúar. Nefndin kynnti þá kröfurnar og veitti landeigendum frest til 15. maí til að lýsa kröfum á móti í samræmi við þjóðlendulög.

Óbyggðanefnd ákvað síðan á fundi 4. apríl að framlengja kröfulýsingarfrestinn til 2. september í ljósi þess að vinnu við kortagerð vegna krafna ríkisins var ekki lokið. Einnig var litið til þess að lögmaður ríkisins hafði 27. mars upplýst nefndina um tilteknar leiðréttigar á kröfugerð ríkisins og að líklegt væri að frekari endurskoðun færi fram.

5. apríl barst nefndinni síðan erindi fjármála- og efnahagsráðherra þar sem því var lýst yfir að ráðherra hefði ákveðið að taka kröfugerð ríkisins á svæði 12 til ítarlegrar endurskoðunar. Í bréfinu var farið fram á að óbyggðanefnd frestaði frekari málsméðferð á svæðinu og veitti ráðherra frest til að endurskoða kröfur ríkisins. Í kjölfarið yrði landeigendum veittur frekari frestur til að lýsa sínum kröfum.

Niðurstaða óbyggðanefndar var að sú framlenging á kröfulýsingarfresti landeigenda til 2. september sem þegar hafði verið ákveðin gæfi fjármála- og efnahagsráðherra það svigrúm sem ráðherra óskaði eftir til að endurskoða kröfugerð ríkisins. Í svarbréfi til ráðherra var þó einnig upplýst að ef endurskoðuninni yrði ekki lokið innan hæfilegs tíma fyrir 2. september kæmi til greina af hálfu nefndarinnar að framlengja frestinn frekar til að tryggja að landeigendum gefist nægur tími til viðbragða en nefndin lagði jafnframt ríka áherslu á að boðaðri endurskoðun yrði hraðað eins og kostur væri, sbr. framangreint.

Bréf ráðherra er aðgengilegt á vef Stjórnarráðsins en svarbréf óbyggðanefndar er í viðhengi.

— — —

Málsmeðferð þjóðlendumála

Málsmeðferð þjóðlendumála fer eftir þjóðlendulögum. Hún gengur í meginatriðum þannig fyrir sig að óbyggðanefnd tilkynnir fjármála- og efnahagsráðherra að nefndin hafi ákveðið að taka tiltekið svæði til meðferðar og veitir ráðherra frest til að lýsa fyrir hönd íslenska ríkisins kröfum um þjóðlendur þar.

Þegar kröfur ráðherra f.h. ríkisins liggja fyrir kynni óbyggðanefnd þær og skorar á þá sem telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum innan tiltekins frests.

Óbyggðanefnd rannsakar síðan málin, sem felur m.a. í sér umfangsmikla og kerfisbundna gagnaöflun í samvinnu við sérfraeðinga á Þjóðskjalasafni Íslands. Þegar framkomin gögn hafa verið rannsökuð til hlítar úrskurðar óbyggðanefnd um kröfur málsaðila. Ef svæði sem ríkið hefur gert þjóðlendukröfur til reynast samkvæmt rannsókn óbyggðanefndar vera eignarlönd er kröfum ríkisins þar hafnað. Svæði sem reynast utan eignarlanda eru hins vegar úrskurðuð þjóðlendur.

Almennar upplýsingar um málsmeðferð þjóðlendumála er að finna á vefsíðu óbyggðanefndar.

Upplýsingar um stöðu og framvindu málsmeðferðar á einstökum svæðum eru einnig birtar á vefsíðu óbyggðanefndar og uppfærðar þegar tilefni gefst til.

Erna Erlingsdóttir, skrifstofustjóri

Óbyggðanefnd
Borgartúni 29
105 Reykjavík
Sími: 563 7000
obyggdanernd.is - Fyrirvari/Disclaimer





Fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. apríl 2024

Málefni: Endurskoðun fjármála- og efnahagsráðherra á kröfum um þjóölendur á svæði 12, eyjum og skerjum

Vísað er til bréfs fjármála- og efnahagsráðherra til óbyggðanefndar, dags. 5. apríl 2024, þar sem því er lýst yfir að ráðherra hafi ákveðið að taka kröfugerð ríkisins á svæði 12 til starlegrar endurskoðunar í því skyni að útfæra afmörkun kröfusvæðisins og kröfulýsingarinnar með nákvæmari hætti. Fram kemur að stefnt verði að því að skýra kröfur íslenska ríkisins eins og kostur er, fækka ágreiningssvæðum og einfalda meðferð málsins. Í bréfinu er farið fram á að óbyggðanefnd fresti frekari málsmeðferð á svæðinu og veiti ráðherra frest til að endurskoða kröfur ríkisins. Í kjölfarið verði landeigendum veittur frekari frestur til að lýsa sínum kröfum.

Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. þjóölendulaga, nr. 58/1998, veitti óbyggðanefnd upphaflega þeim sem telja til eignarréttinda á svæðum sem ríkið lýsti kröfum til frest til að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni til 15. maí 2024. Á fundi nefndarinnar 4. apríl 2024 var ákveðið að framlengja þann frest til 2. september 2024, m.a. vegna þess að vinnu við kortagerð vegna krafna ríkisins væri ekki lokið. Sú vinna stendur yfir og hefur það markmið að skýra eins og kostur er afmörkun málsmeðferðarsvæðisins og kröfusvæðis ríkisins. Einnig var litið til þess að lögmaður ríkisins hefði upplýst nefndina um tilteknar leiðréttингar á kröfugerð ríkisins og líklegt væri að frekari endurskoðun fær fram, sbr. bréf lögmanns ríkisins, f.h. fjármála- og efnahagsráðherra, til óbyggðanefndar 27. mars 2024.

Þar sem óbyggðanefnd hefur þegar framlengt kröfulýsingarfrest landeigenda á svæði 12 til 2. september 2024 telur nefndin að fjármála- og efnahagsráðherra hafi svigrúm til að endurskoða kröfugerð ríkisins innan þess tíma, svo sem boðað er í brefi ráðherra til nefndarinnar. Verði þeiri endurskoðun ekki lokið innan hæfilegs tíma fyrir 2. september kemur til greina af hálfu nefndarinnar að framlengja frestinn frekar til að tryggja að hugsanlegir gagnaðilar ríkisins hafi nægan tíma til að bregðast við endurskoðuðum kröfum ríkisins og eftir atvikum lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd. Nefndin leggur hins vegar ríka áherslu á að boðaðri endurskoðun fjármála- og efnahagsráðherra á kröfum ríkisins verði hraðað eins og kostur er svo að afstaða ríkisins liggi fyrir sem allra fyrst, enda hafa fjölmargir landeigendur þegar hafið vinnu við að bregðast við upphaflegri kröfugerð ríkisins.

Virðingarfyllst, f.h. óbyggðanefndar

Sigmar Aron Ómarsson, framkvæmdastjóri

Afrit: Edda Andradóttir, lögmaður íslenska ríkisins.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Jóhannes Á. Jóhannesson <johannes.a.johannesson@samband.is>
Sent: mánudagur, 15. apríl 2024 09:18
Subject: Umsögn Samtaka orkusveitarfélaga um áform um breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun

Góðan dag


Þessi póstur er sendur á aðildarsveitarfélög Samtaka orkusveitarfélaga.

Stjórн Samtaka orkusveitarfélaga hafa sent inn umsögn í samráðsgátt stjórнvalda vegna máls nr. S-79/2024 um áform um breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun. Hægt er að nálgast umsögnina hér:

Umsögn SO um áform um breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Jafnframt ber að minna á kynningarfund Samtaka orkusveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögur starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu. Nánari upplýsingar er að finna hér:

<https://orkusveitarfelog.is/veffundur-um-skattlagningu-orkuvinnslu/>



Jóhannes Á. Jóhannesson
sérfræðingur / þróunarsvið
Netfang: johannes.a.johannesson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupóstí þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

Umsögn Samtaka orkusveitarfélaga um áform um breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, mál nr. S-79/2024

Vísað er til áformaskjals sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 11. mars sl. Samtök orkusveitarfélaga (SO) vilja með umsögn þessari benda á valin atriði sem þau telja mikilvægt að fái skoðun við vinnslu frumvarps sem getur mögulega falið í sér heildarendurskoðun laga um verndar- og orkunýtingaráætlun eða eftir atvikum afmarkaðar breytingar á lögnum.

Almennt

Hugmyndafræðina við gerð rammaáætlunar má rekja rúmlega 30 ár aftur í tímann þótt gildandi lög séu frá árinu 2011. Vert er að halda því til haga að löginn voru umdeild og er tilefni til að vísa til ítarlega rökstuddra umsagna Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp sem varð að lögum nr. 48/2011. Í þeim umsögnum er anhars vegar gagnrýnt að í 7. gr. laganna er ákvæði um bindandi áhrif rammaáætlunar og hins vegar er gagnrýnd sú áhersla sem fram kemur í lögnum á að undanskilja tiltekin landsvæði frá málsmeðferð verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Niðurstaða Alþingis á þeim tíma varð málamiðlun sem fól í sér umtalsverða skerðingu á skipulagsvaldi sveitarfélaga.

Framangreind gagnrýni á í meginatriðum ennþá við. Fullt tilefni er til að starfshópurinn leggi mat á hvort sú skerðing hafi átt nægilegan rétt á sér. Í því sambandi væri vert að afla gagna um hvernig virkjanakostir í rammaáætlun hafa verið teknir inn í aðalskipulag sveitarfélaga og hvort sveitarstjórnir séu almennt sáttar við réttaráhrif laganna.

Almenn afstaða SO er að fullt tilefni sé til þess í upphafi endurskoðunarvinnunnar að byrja með nánast autt blað. Í því felst að farið verði ítarlega yfir þau markmið sem lágu að baki þeirri vegferð að hefja vinnu við rammaáætlun, meta hvort þau eigi ennþá við og leita eftir viðhorfi sveitarfélaga, stofnana og haghafa um þeirra álit á því hvernig löginn hafi reynst í framkvæmd. Jafnframt verði litið til reynslu Norðmanna, sem hafa lagt þetta verklag af, og lagt mat á hvort svipaðar forsendur kunni að eiga við hér á landi.

Ef ætlunin er að vinna áfram með rammaáætlun þarf jafnframt að skoða ítarlega hvernig hægt er að auka skilvirkni laganna og tryggja að það mat sem liggar til grundvallar tillögum verkefnisstjórnar sé nægilega traust og byggt á mati á öllum þáttum sem verkefnisstjórn og faghópum er ætlað að meta.

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

Sjónarmið varðandi mismunandi orkukosti og útilokun landsvæða frá málsmeðferð

SO vinna nú að gerð umsagnar um frumvarp sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur lagt fram á Alþingi um breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun (sérstök málsmeðferð vegna vindorku) og tillögu til þingsályktunar um nýtingu vindorku. Vísað er til beirrar umsagnar varðandi gagnrýni á tiltekin atriði í frumvarpinu.

Útilokun svæða frá málsmeðferð rammaáætlunar

Sérstaklega telur SO óskynsamlegt að setja inn ákvæði sem útiloka að í rammaáætlun verði fjallað um vindorkukosti ef þeir eru staðsettir á svæðum í B-hluta náttúruminjaskrár eða á svæðum þar sem er að finna menningarminjar.

Algert bann við umfjöllun um slík landsvæði innan rammaáætlunar gengur einfaldlega alltof langt. Áréttáð er að í umsögn SO í samráðsgátt var bent á eftirfarandi atriði:

- a. Skráning svæðis á B-hluta náttúruminjaskrár felur ekki í sér endanlega niðurstöðu um friðlýsingu.
- b. Í í 2. mgr. 37. gr. náttúruverndarlaga er ákvæði sem heimilar ráðherra að setja tímabundið bann við framkvæmdum á svæðum í B-hluta.
- c. Í náttúruverndarlögum eru jafnframt almenn ákvæði sem kveða á um skyldu til þess að forðast rask á náttúrusvæðum nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað.

Sama afstaða á í meginatriðum einnig við um svæði innan marka friðlýstra menningarminja.

Bætt málsmeðferð og gæði gagna frá Orkustofnun

Jákvætt er að í skýringum með umræddu frumvarpi um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, er tekið undir ábendingar SO um þörf fyrir úrbætur á málsmeðferð innan rammaáætlunar. Í því sambandi telur SO það vera forgangsmál að sveitarfélög fái upplýsingar um virkjunarkosti sem allra fyrst í ferli rammaáætlunar. Mikil tækifæri eru til að skerpa á stjórnsýsluferlum og bæta gæði gagna sem vísað er til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn.

Verði umrætt frumvarp að lögum er mikilvægt að reglugerð nr. 530/2014 um virkjunarkost í verndar- og orkunýtingaráætlun verði endurskoðuð með hliðsjón af virkjunarkostum í vindorku. Í reglugerönni er að finna skilgreiningu á þeim gögnum sem fylgja þurfa beiðni um umfjöllun um virkjunarkostí hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar. Í reglugerönni væri t.d. hægt að skilgreina frekar skilyrði um upplýsingagjöf til sveitarfélaga á fyrstu stigum í umfjöllun um virkjunarkost.

Lokaorð

Stjórn SO lýsir miklum áhuga á að eiga samtal við starfshópinn þar sem tækifæri gæfist til frekari umræðu um málið.

Faghópur sveitarfélaga á Suðurlandi um ferðamál

Tilgangur og markmið

- Efli samstarf sveitarfélaga á Suðurlandi og MSS um ferðamál.
- Vera fagráð Suðurlands í ferðamálum.
- Samskiptavettvangur um farveg, útfærslu og framtenging hugmynda tengd ferðamálum í landshlutanum.
- Vettvangur til að undirbúa hagsmunagæslu fyrir landshlutann í ferðamálum.
- Gæta heildarhagsmuna í ferðamálum á svæðinu.
- Bakland og tengslanet starfsmanna sem sínya ferðamálum innan sveitarfélaga á Suðurlandi.
- Miðlun upplýsinga um ferðamál milli svæða, sveitarfélaga og MSS, innan landshluta og utan.
- Skapa heildarsýn á áfangastaðinn Suðurlands.

Hlutverk og ábyrgð

- Fulltrúar sveitarfélaga eru tengiliðir við MSS samkvæmt samningum sveitarfélagana og MSS.
- MSS sért um að halda utan um starf og samskipti faghópsins s.s. að setja fram fundartíma, boða fundi, senda út dagskrá og stýra fundum í samstarfi við gestgjafa hverju sínni.
- Ritarahlutverk er á höndum MSS. Ritaðir eru fundarpunktar á hverjum fundi sem síðan eru sendir á faghópinn.
- Aðilar innan faghópsins undirbúa miðlun upplýsinga, um ferðamál af sínu svæði, fyrir hvern fund.
- Aðilar innan faghópsins upplýsa sitt bakland/sveitarfélag um störf og verkefni, fylgia eftir erindum, verkefnum og ákvörðunum hjá sínu sveitarfélagi.
- Aðilar innan faghópsins vinna saman að móttökum gesta, s.s. fjölmöldum og FAM kynningarferðum.
- Minni hópar innan faghópsins funda einnig vegna einstaka verkefna, eftir því sem við á.

Árangur

- Samstarf sveitarfélaga á svíði ferðamála á Suðurlandi er víðtækt, eykur slagkraft og er mikilvægt fyrir ferðapjónustu í landshlutanum.
- Mikilvæg tengsl myndast á milli svæða og hefur samstarf aukist víða.
- Upplýsingamiðlun milli sveitarfélaga og MSS hefur aukist og fagleg samræmd ásýnd svæðisins hefur batnað.

Meginverkefni

- Sýningar: Sameiginleg þátttaka MSS og faghóps í framkvæmd á sýningum og viðburðum á Íslandi.
- Kortauktgáfa: samstarf varðandi gerð, prentun og dreifingu sem hluti af sameiginlegrí ásýnd landshlutans.
- Svæðiskortin á ábyrgð sveitarfélaga, heildarkort á ábyrgð MSS sem jafnframt leggur til starfsmann í utanuhald og samskipti vegna svæðiskorta.
- Upplýsingamiðlun: miðlun upplýsinga milli svæða, sveitarfélaga og MSS. Á fundum er farið yfir helstu nýjungar og fréttir af svæðunum.
- Haustr- og vetrarfríss verkefnið: Markmið að fá fjölskyldur til þess að dvelja á Suðurlandi í haustr- og vetrarfríum með því að draga fram þjónustu og afþreyingu á hverju svæði.
- Annað tilfallandi.

Gögn

- Vinnugögn og fundarpunktar eru vistuð hjá Markaðsstofu Suðurlands

Faghópur um ferðamál – samskiptaleiðarljós:

- Við mætum á réttum tíma, vel undirbúin og tilbúin að hefja fundinn á þeim tíma sem hann er settur.
- Virðing er borin fyrir ólíkum skoðunum
- Innan hópsins ríkir traust, allir bora og segja það sem þeim finnst og biðja um hjálp ef þurfa þykir
- Fundir:
- Fundir eru að jafnaði haldnið annan miðvikudag í eftirfarandi mánuðum, september, nóvember, febrúar og apríl. Fundir eru fjarfundir nema 1-2 ári og þá skiptast aðilar innan hópsins á að halda fundi á mismunandi svæðum.
- Fundir byrja kl. 10:00 og standa í u.p.b. tvö tíma, eftir fundi er möguleiki á að fara í stutta skoðunarferð um svæðið.
- Í faghópnum eru:
- Sveitarfélög á Suðurlandi: Aðilar frá öllum samstarfssveitarfélögum.
- Markaðsstofa Suðurlands, MSS: Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, GSM 867-9689, netf. ragnhildur@south.is Vala Hauksdóttir; GSM 864-6002, netf. vala@south.is

Hulda Kristjánsdóttir

From: Guðmundur Daníelsson <gudmundur@snerra.com>
Sent: mánudagur, 22. apríl 2024 09:13
To: 'Sigurjón Ingvason - FST'; 'Þorgeir Sigurðarson - FST'
Cc: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: RE: Svör við spurningum varðandi áformakönnun - seinni hluti - Flóahreppur / Flóaljós

Sæll Sigurjón,
það staðfestist hér með að Flóahreppur hefur ekki áform um uppbyggingu á ljósleiðara-aðgangsneti á næstu þremur árum umfram það sem nú er.

Ef spurningar vakna ertu velkominn að hafa samband.
Guðmundur Daníelsson
8634106

From: Sigurjón Ingvason - FST <sigurjon@fjarskiptastofa.is>
Sent: þriðjudagur, 9. apríl 2024 19:27
To: Sigurjón Ingvason - FST <sigurjon@fjarskiptastofa.is>
Subject: Svör við spurningum varðandi áformakönnun - seinni hluti

Fjarskiptastofa hefur í dag birt á vefsíðu sinni, seinni hluta spurninga og svara varðandi áformakönnun um uppbyggingu ljósleiðara-aðgangsneta.

<https://www.fjarskiptastofa.is/fjarskiptastofa/tolfraedi-og-gagnasafn/frettafn/frett/fr%C3%A9ttir/fjarskiptastofa-kallar-eftir-aformum-um-lagningu-ljosleidara-adgangsneta-2024-2026>

Svarfrestur vegna áformakönnunar er til og með 19. apríl nk.

Sami frestur gildir gagnvart þeim aðilum sem samhliða skila gögnum vegna reglulegrar gagnaöflunar um fjarskiptainnviði (GAF).

Með kveðju,

Sigurjón Ingvason
Lögfræðingur / Senior Legal Counsel
SÍMI / TEL (+354) 510 1500



Fjarskiptastofa

Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík
510 1500 - fjarskiptastofa@fjarskiptastofa.is

www.fjarskiptastofa.is



[Fyrirvari/Disclaimer]


Hulda Kristjánsdóttir

From: Jóhannes Á. Jóhannesson <johannes.a.johannesson@samband.is>
Sent: mánudagur, 15. apríl 2024 13:03
Subject: Orlof húsmæðra 2024

Til sveitarfélaga

Orlof húsmæðra 2024

Samkvæmt upplýsingum frá Félags- og vinnumarkaðssráðuneytinu skal framlag sveitarfélaga til orlofsnefnda á hverju svæði vera minnst kr. 150,31 fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins. Framlag þetta skal greiða orlofsnefnd viðkomandi orlofssvæðis fyrir 15. maí nk. sbr. 5. gr. laga nr. 53/1972.



Jóhannes Á. Jóhannesson
sérfræðingur / þróunarsvið
Netfang: johannes.a.johannesson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilvilmjun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjárskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Iða Marsibil Jónsdóttir <sveitarstjori@gogg.is>
Sent: föstudagur, 19. apríl 2024 09:58
To: hordur.arnason@landsvirkjun.is; kristin.linda.arnadottir@landsvirkjun.is
Cc: bragi@arborg.is; Hulda Kristjánsdóttir; Ragnar Guðmundsson
Subject: Ósk um aðkomu Landsvirkjunar að verkefni í sveitarfélagini Grímsnes- og Grafningshreppi
Attachments: Erindi til LV.pdf

Góðan dag,

Meðfylgjandi er erindi frá Sveitarfélagini Árborg, Flóahreppi og Grímsnes- og Grafningshreppi.

Óskar undirrituð eftir því að erindið verði lagt fyrir stjórn Landsvirkjunar við fyrsta hentugleika.

Vinsamlega staðfestið móttöku.

Afrit sent á formann bæjarráðs Árborgar, sveitarstjóra Flóahrepps og umsjónarmann framkvæmda- og veitna í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Bestu kveðjur

Iða Marsibil Jónsdóttir

Sveitarstjóri

Sími: 480-5500

Netfang: sveitarstjori@gogg.is

Veffang: www.gogg.is

Borg 805 Selfoss

Skilmálar/Disclaimer





Landsvirkjun
Katrínatúní 2
105 Reykjavík
B.t. stjórnar

Borg , 19. apríl 2024

Sameiginleg vatnsöflun úr Kaldárhöfða í Grímsnesi fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp, Sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp

Beiðni um formlega aðkomu Landsvirkjunar að verkefninu

Í Grímsnes- og Grafningshrepp eru þrjár vatnsaflsvirkjanir Landsvirkjunar sem nýta vatnasvið Þingvallavatns og Sogið sem uppsprettu. Stöðvarnar þrjár, Írafossstöð, Ljósafossstöð og Steingrímsstöð eru með 88,8 MW af uppsettum afli og er orkuvinnslugeta um 471 GWh.

Síðan um aldamót hefur verið horft á vatnslindir í Kaldárhöfða sem mögulegt framtíðarvatnsból fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp og fleiri sveitarfélög á Suðurlandi. Jörðin Kaldárhöfði er í eigu íslenska Ríkisins og hefur upp á að bjóða kalt og öruggt neysluvatn sem dugar öllu Suðurlandi til ókominna ára. Jörðin er staðsett við Þingvallavatn, Efra-Sog og Úlfhljótsvatn í næsta nágrenni við Steingrímsstöð.

Grímsnes- og Grafningshreppur ásamt Sveitarfélagini Árborg og Flóahrepp hafa unnið frá árinu 2021 að gerð kostnaðaráætlana vegna virkjunar vatnsbóla og lögnum aðveitulagnar frá Kaldárhöfða í gegnum bæði Grímsnesið og Grafninginn að Selfossi. Lögnin væri tengd við núverandi miðlun Grímsnes- og Grafningshrepps við Búrfellsveg og miðlunartank Árborgar við Suðurlandsveg.

Unnin hefur verin kostnaðaráætlun vegna virkjunar og aðveitulagnar af Eflu verkfræðistofu ásamt leiðargreiningu og mati á jarðvegsaðstæðum. Efla hefur einnig unnið kostnaðarmat vegna aðveitulagnar frá Kaldárhöfða að Írafossvirkjun. ÍSOR er ráðgjafi verkefnisins varðandi borun og rannsóknir á vatni á Kaldárhöfðajörðinni. Sótt hefur verið um rannsóknarleyfi í landi Kaldárhöfða byggt á greinargerð ÍSOR og hófust tilraunaboranir sumarið 2023. Einig er möguleiki á að nýta miklar sjálffrenndi lindir á svæðinu.

Niðurstaðar tilraunaborana er sú að gott er að bora eftir vatni í neðanjarðarlind sem fellur í Efra-Sog. Nú er því komið að því að virkja lindir og leggja lagnir að núverandi vatnsmiðlun sveitarfélaganna. Lindir þessar verða að framtíðarvatnsbóli sveitarfélaganna brigga næstu árhundruð ef vandað er til verka.

Í nýju aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps hefur verið skilgreint bæði nær- og fjarsvæði vatnsverndar, svæði VF2 og VG63. Vatnsverndarsvæðinu er ætlað að tryggja gæði neysluvatns á svæðinu. Ekkert deiliskipulag er til staðar á svæðinu en næsta deiliskipulag í gildi er fyrir Steingrímsstöð. Fyrirhugað vinnslusvæði er í grennd við bæjarstæði Kaldárhöfða og hefur ábúandi líst yfir áhuga á að fá vatnstengingu frá vinnslusvæðinu.

Tölverðar rannsóknir hafa verið gerðar á jörðinni í tengslum við skráningu á vatnslindum og vegna fyrirhugaðrar vatnsvinnslu. Þóroddur F. Þóroddson og Árni Hjartarson mældu lindir á um 50 m kafla í farvegi Efra-Sogs fyrir neðan stíflu og töldu þær gefa um 1.000-2.000 l/s. Bjarni Reyr Kristjánsson og Þórólfur H. Hafstað töldu sömu lindir gefa allt að 4.000 l/s. Þeir gátu sér til um það að vatnið væri annaðhvort komið frá Þingvallavatni skemmustu leið en töldu það líklegra að það komi lengri leið frá Lyngdalsheiði. Efнагreiningar benda til þess að vatnið sé líkara því vatni sem komi fram í lindum við Kaldárhöfða en vatni úr Þingvallavatni. Til glöggunar er heildarvatnsnotkun höfuðborgarsvæðisins um





1.200 l/s og er því um gríðarlegt vatnsmagn á svæðinu sem getur nýst Suðurlandi næstu áratugina eða árhundruð. Mikilvægt er því að vanda til verka, sérstaklega hvað vatnsvernd varðar.

Á Sogssvæðinu er rekin orkusýning og golfvöllur fyrir almenning ásamt því að vinnuskóli er rekinn þar á sumrin. Rekið er móttuneyti á svæðinu ásamt því sem að íbúðir eru fyrir vaktmenn. Einnig eru íbúðir fyrir verktaka og starfsfólk á Úlfhljótsvatni. Samstarfssamningur er í gildi milli Landsvirkjunar og Útilífsmiðstöðvar skáta á Úlfhljótsvatni með megináherslu á betri framtíð með aukinni sjálfbærni.

Á svæðinu liggja fyrir tvö ný deiliskipulög fyrir Ljósafoss- og Írafossvirkjun og Steingrímsstöð. Í deiliskipulagi fyrir Ljósafossvirkjun er skilgreint nýtt svæði fyrir vetrnisframleiðslu.


Vatnsveita fyrir Sogssvæðið er tekin frá Vatnsveitunni Brú sem rekur vatnsveitu úr lind við Heiðará. Vatnsgæði hafa verið mismunandi en mengun hefur greinst í vatni frá veitunni og frágangi við brunnsvæði hefur verið ábótant.

Mikilvægt er að innviðir sveitarfélaga Suðurlands geti stækkað í samræmi við aukin umsvif og stutt við fjölbreytt samfélag og atvinnulíf. Vilji er fyrir því hjá sveitarstjórnum að auka samstarf sveitarfélaganna við Landsvirkjun varðandi nýtingu auðlinda í nærsamfélagi. Sveitarfélagið getur komið að þeirri vinnu á ýmsan hátt s.s. með breytingu á aðalskipulagi, lausum lóðum fyrir starfsmenn o.s.frv.

Landsvirkjun hefur sett sér metnaðarfulla samfélagsstefnu enda er Landsvirkjun hluti af samféluginu og leggur mikla áherslu á samfélagsábyrgð. Ein birtingarmynd þess er að vera virkur þátttakandi í samféluginu og styðja við verkefni sem hafa jákvæð samfélagsleg áhrif. Það hefur Landsvirkjun sýnt í verki og t.a.m. lagt um 650 km af vegum sem eru í rekstri Vegagerðarinnar í dag.

Sveitarstjórnir Grímsnes- og Grafningshrepps, Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps óska hér með eftir formlegri aðkomu Landsvirkjunar að verkefninu. Óskað er eftir fundi með fulltrúum Landsvirkjunar þar sem verkefnið er kynnt og næstu skref ákveðin.

Erindi þetta er sent til stjórnar Landsvirkjunar í nafni Grímsnes- og Grafningshrepps, Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps.


SVEITARSTJÓRNI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS
Iða Marsbíll Jónsdóttir,
Sveitarstjóri Grímsnes- og
Grafningshrepps



Hulda Kristjánsdóttir

From: Ingvi Már Guðnason <ingvi@sass.is>
Sent: þriðjudagur, 23. apríl 2024 15:39
To: haraldur@skeidgnup.is; Ásta Stefánsdóttir; Einar Freyr; 'Sveitarstjori'; Anton Kári Halldórsson; Valtýr Valtýsson; Hulda Kristjánsdóttir; ellidi@olfus.is; aldis@fludir.is; Iða Marsibil Jónsdóttir; Helga Kristjánsdóttir; sigurjon@hornafjordur.is; sveitarstjori@ry.is; iris@vestmannaeyjar.is; sandradis@olfus.is; Bryndís Bjarnarson; fjolask@arborg.is; Rósá Sif Jónsdóttir
Cc: Bjarni Guðmundsson; Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir
Subject: Aukaaðalfundur SASS 7. júní nk. í Vestmannaeyjum
Attachments: Bréf með kjörgönum.docx; Bréf með kjörgönum.pdf

Ágætu bæjar- og sveitarstjórar.

Í viðhengi eru upplýsingar um komandi aukaaðalfund SASS 2024 sem haldinn verður í Akóges salnum í Vestmannaeyjum föstudaginn 7. júní nk.

Óskað er eftir að sveitarfélögini tilkynni þátttöku fulltrúa sinna með því að fylla út rafrænt skráningarfom fyrir 30. maí nk. en nánari uppl. er að finna í viðhengi.

Hvetjum við þingfulltrúa til að bóka far með Herjólfi til og frá Vestmannaeyjum sem fyrst.

Ánægjulegt væri að sjá sem flesta.

Vakni spurningar hafið þá endilega samband við Bjarna í síma 897 9791.

Með bestu kveðjum,
Ingvi Már



Ingvi Már Guðnason
SASS
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Austurvegi 56
800 Selfossi
sími 480 8200
sass.is

Til aðildarsveitarfélaga SASS

Selfossi, 22. apríl 2024

Efni: Aukaaðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Aukaaðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga verður haldinn í Vestmannaeyjum þann 7. júní nk. en aukaaðalfundir verða **EKKI** haldnir fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Sorpstöð Suðurlands.

Óskað er eftir að sveitarfélögini tilkynni þátttöku fulltrúa sinna með því að fylla út rafrænt skráningarfórm á heimasíðu SASS, sbr. slóðina <https://www.sass.is/arsthing/skranning/> fyrir 30. maí nk., í samræmi við eftirfarandi töflu:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2024	Fjöldi fulltrúa
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.487	5
Skaftárreppur	620	3
Mýrdalshreppur	881	3
Rangárþing eystra	2.007	5
Rangárþing ytra	1.867	4
Vestmannaeyjabær	4.444	7
Ásahreppur	293	2
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	591	3
Flóahreppur	699	3
Sveitarfélagið Árborg	11.565	14
Hrunamannahreppur	865	3
Bláskógabyggð	1.322	4
Grímsnes- og Grafningshreppur	539	3
Hveragerðisbær	3.265	6
Sveitarfélagið Ölfus	2.631	5
Samtals	34.076	70

Kjörgengir á aukaaðalfundinn eru framkvæmdastjórar sveitarfélaga, sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra.

Þar sem aukaaðalfundurinn verður haldinn föstudaginn 7. júní nk., dagsfundur, hafa herbergi á hótelum ekki verið frátekin og gert er ráð fyrir að hvert sveitarfélag skipuleggi sig út frá því. Ítrekað er að aukaaðalfundurinn verður haldinn föstudaginn 7. júní og hann verður settur kl. 09:15 og honum ljúki kl. 16:00.

Fundur stjórnar SASS verður haldinn fimmtudaginn 6. júní nk. og gisting hefur verið þöntuð fyrir þann hót.

Annar kostnaður vegna fundarins s.s. veitingar og leiga á fundarstað, verður innheimtur af SASS.

Ferðir með Herjólfí eru skv. meðfylgjandi tímatafla en gera má ráð fyrir að einhver hluti þingfulltrúa fari frá Landeyjahöfn fimmtudaginn 6. júní nk. og aðrir snemma að morgni föstudagsins 7. júní nk., kl. 08:15.

Ráð er gert fyrir að þingfulltrúar geti tekið Herjólf frá Eyjum til Landeyjahafnar föstudaginn 7. júní nk. kl. 17:00, eftir að aukaaðalfundinum lýkur.

Tillögur sem sveitarfélög eða fulltrúar þeirra hyggjast leggja fyrir aukaaðalfundinn þurfa að berast skrifstofu SASS fyrir 23. maí nk., þannig að þær liggi fyrir með öðrum fundargögnum. Ef tillagan snýr að breytingum á samþykktum samtakanna þurfa þær að berast stjórn þremur vikum fyrir aðalfund eða í síðasta lagi 16. maí nk.

Aukaaðalfundarboð ásamt tilskildum fundargögnum mun liggja fyrir á sérstöku vefsíðu í síðasta lagi fimmtudaginn 23. maí nk. Aðalfundarfulltrúum og öðrum skráðum fundarmönnum verða send lykilorð tímanlega til að komast inn á vefsíðu. Af þessum sökum er mikilvægt að skráð verði á kjörbréf virk netföng þingfulltrúa.

Með kveðju,
f.h. stjórnar SASS



Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri



Siglingaáætlun Þjóðhátið 2024

SIGLINGAÁÆTLUN Herjólfss IV

Vestmannaeyjar brottför:

Landeyjahöfn brottför:

<input checked="" type="checkbox"/> 07:00 - Alla daga	<input checked="" type="checkbox"/> 08:15 - Alla daga
<input checked="" type="checkbox"/> 09:30 - Alla daga	<input checked="" type="checkbox"/> 10:45 - Alla daga
<input checked="" type="checkbox"/> 12:00 - Alla daga	<input checked="" type="checkbox"/> 13:15 - Alla daga
<input checked="" type="checkbox"/> 14:30 - Alla daga	<input checked="" type="checkbox"/> 15:45 - Alla daga
<input checked="" type="checkbox"/> 17:00 - Alla daga	<input checked="" type="checkbox"/> 18:15 - Alla daga
<input checked="" type="checkbox"/> 19:30 - Alla daga	<input checked="" type="checkbox"/> 20:45 - Alla daga
<input checked="" type="checkbox"/> 22:00 - Alla daga	<input checked="" type="checkbox"/> 23:15 - Alla daga

Ef sight er til Þorlákshafnar eru brottfarir sem hér segir:

Frá Vestmannaeyjum kl. 07:00 og 16:00

Frá Þorlákshöfn kl. 10:45 og 19:45

Farþegar sem eiga bókað á þessum tímasetningum til/frá Landeyjahöfn færast sjálfkrafa milli hafna.

EKKI ER SJÁLFGEFIÐ AÐ LAUST SÉ FYRIR FARARTÆKI OG/EÐA FARÞEGA Í ALLAR FERÐIR, MÖGULEGT AÐ UPPSELT SÉ Í FERÐIR. Því MÆLUM VIÐ ALLTAF MEÐ ÞVÍ AÐ BÓKA FYRIRFRAM.



Flóahreppur
b.t. sveitarstjóra
Þingborg
801 Selfoss

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2024

Reykjavík, 15. apríl, 2024.

Ágæti hluthafi.

Boðað er til aðalfundar Landskerfis bókasafna hf. þriðjudaginn **7. maí, kl. 11:00**. Fundurinn verður haldinn í húsakynnum félagsins að **Katrínartúni 4**, jarðhæð, 105 Reykjavík.

Dagskrá fundarins er samkvæmt 14. grein samþykkta félagsins.

- Skýrsla stjórnar.
- Ársreikningur lagður fram til samþykktar.
- Kosning stjórnar og endurskoðanda.
- Meðferð hagnaðar.
- Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og endurskoðanda.
- Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur félagsins verður sendur út í tölvupósti fyrir fundinn, ásamt núgildandi samþykktum þess.

Virðingarfallst, fyrir hönd stjórnar Landskerfis bókasafna hf.,

Sveinbjörg Sveinsdóttir
framkvæmdastjóri

VEINBJÖRG SVEINSDÓTTIR

Kennitala: 160866-4979
2024-03-14 08:23:29 GMT
Ástaða: Undirskrift

Fullgild rafnan undirskrift

JUDMUNDUR BJÖRGVIN HELGASON

Kennitala: 031264-5379
2024-03-14 16:04:03 GMT
Ástaða: Undirskrift

Fullgild rafnan undirskrift

ÁRNI KONRÁÐ BJARNASON

Kennitala: 130459-6179
2024-03-14 08:40:34 GMT
Ástaða: Undirskrift

Fullgild rafnan undirskrift

INGIBJÖRG STEINUÐN SVERRISDÓTTIR

Kennitala: 130255-2059
2024-03-18 08:53:23 GMT
Ástaða: Undirskrift

Fullgild rafnan undirskrift

PÁLÍNA MAGNUÐDÓTTIR

Kennitala: 151163-7269
2024-03-14 10:37:18 GMT
Ástaða: Undirskrift

Fullgild rafnan undirskrift

VIKTOR JENS VIGFÚSSON

Kennitala: 200767-4039
2024-03-14 13:55:19 GMT
Ástaða: Undirskrift

Fullgild rafnan undirskrift

**Landskerfi bókasafna**

Landskerfi bókasafna hf.

Ársreikningur 2023

Landskerfi bókasafna hf.

Katrínartúni 4

105 Reykjavík

kt. 440202-2920

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	1
Áritun Ríkisendurskoðunar	2
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Eiginfjáryfirlit	6
Sjóðstremi	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er að reka upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn á Íslandi og veita þeim tengda sérfræðibjónustu.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2023 að fjárhæð 6,4 m. kr. Eigið fé félagsins nam 209,9 m. kr. í árslok 2023 og heildareignir voru 239,0 m. kr.

Hlutafé félagsins nam 147,6 m. kr. þann 31. desember 2023, og átti félagið engin eigin bréf. Hluthafar voru 52 í árslok en voru 53 í upphafi árs.

	31.12.2023	31.12.2022
Hluthafar og eignarlutur		
Íslenska ríkið	50,8%	50,8%
Reykjavíkurborg	20,0%	20,0%
Aðrir hluthafar	29,2%	29,2%

Breytingar á hluthafahópi á árinu eru tilkomnar vegna sameiningar sveitarfélaga.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2024 vegna rekstrarar ársins 2023. Að öðru leyti vísar stjórnin til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Yfirlit úr starfsemi á árinu

Á árinu 2023 var kominn stöðuleiki í rekstur bókasafnakerfanna Gegnir og Leitir sem voru gangsett á grunni nýs hugbúnaðar um mitt ár 2022. Enn er þó mikil verk að vinna svo að möguleikar kerfanna verði fullnýttir. Ýmis nýmæli litu dagsins ljós s.s. ný skýjaforrit í Gegni, sjálfsafgreiðsluvefur fyrir grunn- og framhaldskóla auk möguleika lánþega á að vista staðlað bókasafnsskírteini í veskisappi í farsíma. Ákveðið var að rukka viðskiptavini ekki sérstaklega fyrir þá þjónustu þrátt fyrir að rekstrarkostnaður falli til.

Frá árinu 2023 eru ekki lengur innheimt viðbótargjöld vegna notkunar á SIP2 samskiptastaðli fyrir sjálfsafgreiðsluvélar eða afnot háskólanna af umsýslukerfi fyrir erlendar rafrænar tímaraðskriftir líkt og áður var gert. Þjónusta við bókasöfnin var mikil á árinu. Nýtt verkbeiðnakerfi var innleitt sem auðveldar yfirsýn og afgreiðslu þjónustubeiðna.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31. desember 2023 og rekstrarrafkomu þess og breytingum á handbæru fórtíðum 1. janúar til 31. desember 2023.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. mars 2024.

Stjórn

Framkvæmdastjóri

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Landskerfis bókasafna hf.

Álit

Ársreikningur Landskerfis bókasafna fyrir árið 2023 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríksreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glöggja mynd af fjárhagsstöðu Landskerfi bókasafna hf. 31. desember 2023, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álití

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Landskerfum hf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríksreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI).

Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Að álití Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Landskerfa hf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákvæðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Merkmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningum. Nægjanleg vissa er mikil öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leidir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að veikja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu árlitunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvlissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbryggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggjar myndar.

Áritun Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 14. mars 2024.

Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur

	Skýringar	2023	2022
Seld þjónusta	12	220.638	195.281
Aðrar tekjur	13	2.510	490
Rekstrartekjur		223.148	195.771
Laun og launatengd gjöld	16	(129.171)	(111.421)
Húsnæðiskostnaður	17	(17.610)	(15.202)
Hýsing og rekstur kerfis	14	(4.076)	(9.033)
þjónustusamningar vegna hugbúnaðar	15	(45.583)	(43.967)
Annar rekstrarkostnaður	18	(22.775)	(23.626)
Afskriftir	6-7, 22-23	(7.018)	(6.858)
Rekstrarkostnaður		(226.233)	(210.107)
Hrein rekstrargjöld		(3.086)	(14.336)
Fjármunatekjur	19	11.224	4.426
Fjárrmagnsgjöld	20	(175)	(193)
Hreinar fjármunatekjur		11.049	4.233
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		7.963	(10.103)
Tekjuskattur	21	(1.597)	2.017
Hagnaður (tap) ársins		6.366	(8.086)

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur

	Skýringar	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Rekstrarfjármunir	6, 22	27	27
Óefnislegar eignir	7, 23	51.511	58.529
Skatteign	8	45	1.642
Fastafjármunir samtals		51.584	60.199
Viðskiptakröfur	9, 24	3.307	5.326
Fyrirframgreiddur kostnaður	25	19.228	18.948
Aðrar skammtímakröfur	26	2.469	1.019
Handbært fé	10, 27	162.431	144.205
Veltufjármunir samtals		187.435	169.498
